

Samstarfsverkefni um heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Lýðheilsustöð, Samband íslenskra framhaldsskóla, Hagsmunaráð íslenskra framhaldsskóla, Félag íslenskra framhaldsskóla og Ráðgjafanefnd um æskulýðsrannsóknir gera með sér eftirfarandi samkomulag um samstarfsverkefnið *Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum* (HoFF).

Markmið.

Meginmarkmið verkefnisins næstu þrjú árin er að skapa heilbriggt skólasamfélag og samhæft þjónustuumhverfi við nemendur á sem flestum sviðum sem snerta velferð þeirra. Í þessu felst að efla heilbrigðan skólabrag með starfi og samvinnu forvarnafulltrúa, skólahjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa, umsjónarkennara, fulltrúa nemendafélaga, félagslífsfulltrúa og foreldraráða í framhaldsskólum. Hér eru tilgreind nánari stefnumið til að ná fram þessum meginmarkmiðum:

- Að hvetja nemendur til að hreyfa sig reglulega og gera þeim kleift að ástunda heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl, m.a. með áfengis-, vímuefna- og tóbaksvörnum.
- Að leggja áherslu á sálfélagslegan stuðning og hvernig betur megi sinna geðheilbrigði ungs fólks.
- Að efla kynheilbrigði, meðal annars með fræðslu og baráttu gegn gagnkynhneigðu forræði¹, klámvæðingu² og kynferðisofbeldi.
- Að efla tengsl milli heilsugæslu og allra framhaldsskóla.
- Að styðja við framkvæmd verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskólar* og yfirfærslu þess til framhaldsskóla landsins.

Framlög.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið:

- Leggur 4.000.000 kr á ári á vettvangi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að vinna að framgangi markmiða verkefnisins og stýra verkefnum, þ.m.t. laun verkefnisstjóra.
- Skipar einn fulltrúa í verkefnisstjórn og verkefnisstjóra í hálfá stöðu sem er jafnframt annar fulltrúi ráðuneytis í verkefnisstjórn.

Heilbrigðisráðuneytið:

- Leggur til 1.000.000 kr á ári á vettvangi heilbrigðisráðuneytisins til að vinna að framgangi markmiða verkefnisins. Fjármunir þessir verða fluttir frá heilbrigðisráðuneytinu til Lýðheilsustöðvar og notaðir til að greiða kostnað við framgang markmiða verkefnisins.
- Skipar einn fulltrúa í verkefnisstjórn.

Lýðheilsustöð	
Brnr:	Mótt: 1/10. 2010
Ábm: MB	Ljósr.til: MB, BK, JPH
Afgreiðsla með: bréfi <input type="checkbox"/>	
símtali <input type="checkbox"/>	tölvup. <input type="checkbox"/> LVM <input type="checkbox"/>

¹ Gagnkynhneigt forræði hefur verið notað sem þýðing á nokkrum hugtökum, þ.e. 'heterosexism', 'compulsory heterosexuality' og 'heteronormativity'. Þetta hugtak þykir betra en 'homophobia' en það hefur verið gagnrýnt fyrir sálfræðilega slagsíðu og of mikla einskorðun við einstaklinginn (fóbía sem sálfræðilegur kvilli). Gagnkynhneigt forræði vísar hins vegar ekki síður til samfélags og stofnana sem móta viðhorf, skilning og skoðanir þar sem ekki er gert ráð fyrir öðru en gagnkynhneigð. Afleiðing hins gagnkynhneigða forræðis getur birst í einfaldri hræðslu við hið óþekkt í samkynhneigð og tvíkynhneigð en einnig í fyrirleitningu á homum og lesbíum.

² Klámvæðing er heiti á því menningarferli þegar hlutverk, myndmál, táknmyndir og orðfæri úr klámi smeygja sér inn í okkar daglega líf sem viðtekið, samþykkt og jafnvel dád menningarleg fyrirbæri.

GAH
MB
SHJ

Lýðheilsustöð:

- Leggur til 3.000.000 kr á ári á vettvangi Lýðheilsustöðvar til að vinna að framgangi markmiða verkefnisins með áherslu á framkvæmd verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskólar* á Lýðheilsustöð.
- Skipar verkefnisstjóra sem er jafnframt fulltrúi í verkefnisstjórn.

Nemendafélög:

- Skipa hvort sinn fulltrúann í verkefnisstjórn.
- Vinna að framgangi verkefnisins heilsueflandi framhaldsskólar á þeim sviðum sem tilgreind eru í markmiðum.
- Stuðla að tengslamyndun HoFF við nemendafélög framhaldsskólanna, m.a. með því að hvetja nemendafélögin til að útnefna sérstakan heilsueflingartengilið í hverjum skóla.

Félag íslenskra framhaldsskóla

- Skipar fulltrúa í verkefnastjórn.
- Stuðlar að tengslamyndun HoFF við skólasamfélagið.

Ráðgjafanefnd um æskulýðsrannsóknir:

- Skipar formann sinn í verkefnastjórn.
- Stuðlar að tengslamyndun HoFF við fræðasamfélagið.
- Stuðlar að markvissri nýtingu á fræðilegum niðurstöðum sem gætu gagnast við framkvæmd verkefnisins.

Verkefnisstjórn.

Verkefnisstjórar vinna að markmiðum samningsins í samstarfi við verkefnisstjórn. Faghópar eru verkefnisstjórum til ráðgjafar og stuðnings. Starfinu er stýrt af verkefnisstjórn sem hefur níu skipaða fulltrúa, fimm áheyrnarfulltrúa og fjóra faghópa sér til ráðgjafar og stuðnings. Í verkefnisstjórn eru skipaðir tveir fulltrúar fá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og tveir til vara. Heilbrigðisráðuneyti, Lýðheilsustöð, nemendafélög framhaldsskólanna og Félag íslenskra framhaldsskóla skipa hver sinn fulltrúa og annan til vara. Formaður ráðgjafanefndar um æskulýðsrannsóknir á sæti í stjórninni sem fulltrúi fræðasamfélagsins. Jafnframt skipa ráðherrar einn fulltrúa sameiginlega án tilnefningar og skal hann vera formaður. Verkefnisstjórnin kýs sér ritara á fyrsta fundi úr röðum stjórnarmanna. Ritari heldur fundargerðabók. Fulltrúar Heimilis og skóla, skólahjúkrunarfræðinga, framhaldsskólakennara, forvarnafulltrúa og náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum skulu eiga áheyrnarfulltrúa. Verkefnisstjórn skal funda að lágmarki mánaðarlega. Verkefnisstjórn hefur faghópa sér til ráðgjafar og stuðnings. Jafnframt skal haldinn sameiginlegur fundur verkefnisstjórnar og faghóps að lágmarki tvisvar á hverju skólaári.

Verkefnisstjórn sér um að framfylgja markmiðum verkefnisins.

Faghópar.

Settir eru á laggirnar fjórir ráðgefandi faghópar; (1) um næringu og hreyfingu, (2) um geðheilbrigði og sálfélagslegan stuðning, (3) um ávana- og fíkniefnaforvarnir og (4) um kynheilbrigði. Fer skipan hvers hóps eftir þeirri sérfræðipækkingu sem nauðsynleg er hverju sinni til að fylgja eftir markmiðum samningsins. Hér eru taldir upp þeir aðilar sem tengjast hverjum málaflokki en verkefnisstjórn er frjálst að bæta aðilum í þennan hóp ef hún metur það svo að sjónarhorn og sérfræðipækkingu vanti í hópinn.

Í faghópi um næringu og hreyfingu sitja fulltrúi frá UMFÍ, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Háskóla Íslands, Félagi íþróttakennara og verkefnisstjórar næringar og hreyfingar á Lýðheilsustöð.

Í faghópi um geðheilbrigði og sálfélagslegan stuðning sitja fulltrúi frá Hlutverkasetri, Hugarafli, Geðhjálp og Geðdeild Landsspítalans (LHS), BUGL, Landlæknisembætti, félagi íslenskra skólasálfræðinga og verkefnisstjóri Lýðheilsustöðvar um geðheilbrigði.

Í faghópi um ávana- og fíkniefnaforvarnir sitja fulltrúi frá Félagsráðgjafafélagi Íslands, FRÆ (Fræðsla og forvarnir), SÁÁ, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Embætti ríkislögreglustjóra, Háskóla Íslands, Umboðsmanni barna, Hinu húsinu (ÍTR), rannsóknasetri forvarna við Háskólann á Akureyri og verkefnisstjórar Lýðheilsustöðvar um áfengis- og vímuvarnir og tóbaksvarnir.

Í faghópi um kynheilbrigði sitja jafnréttisráðgjafi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fulltrúi úr kynjafræði HÍ, frá Jafnréttisstofu, Stígamótum, Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun og fulltrúi frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Kynfræðifélagi Íslands (Kynís), Félagi læknanema (Ástráði), Blátt áfram, Samtökunum '78 og neyðarmóttöku vegna nauðgana.

Faghópar veita verkefnisstjórn ráðgjöf og er fundunum stýrt af verkefnisstjórum.


Annað


Fyrir lok árs 2010 er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn hafi mótað heildarsýn og grófa aðgerðaráætlun fyrir allt tímabilið sem og nánari útlitun á verkefnum skólaársins 2010-2011. Slíkt yfirlit þarf að gera í upphafi hvers skólaárs til upplýsingar fyrir ábyrgðar- og samstarfsaðila þar sem einnig koma fram upplýsingar um framgang verkefnisins..


Samstarfsaðilar hafa saman eða hver um sig rétt til að nýta niðurstöður verkefnisins í öðru eða áframhaldandi starfi að heilsueflingu og forvörnum.

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og fellur á sama tíma úr gildi samningur frá 13. nóvember 2007. Samkomulagið gildir í þrjú ár frá dagsetningu undirritunar. Hver samstarfsaðili getur sagt sig skriflega frá samkomulaginu með þriggja mánaða fyrirvara.


Reykjavík, 1. október 2010.



Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Guðbjartur Hannesson
heilbrigðisráðherra


Margrét Björnsdóttir
Forstjóri Lýðheilsustöðvar


f.h. Félags íslenskra framhaldsskóla


f.h. Sambands íslenskra framhaldsskólanema


Stefán Hrafn Jónsson
formaður ráðgjafanefndar um
æskulýðsrannsóknir


f.h. Hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskóla